



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# INKINEN

STJÓRNAR **BARTÓK**

**23. JANÚAR**  
2020

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.**

### Áætluð tímalengd:

Masquerade: 5'

Víólukonsert: 25'

Konsert fyrir hljómsveit: 38'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Aðalstyrktaraðili

GAMMA



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

**FIM** 23 JAN 19:30

**TÓNLEIKAR Í ELDBORG**

# INKINEN STJÓRNAR BARTÓK

---

**Sinfóníuhljómsveit**

**Íslands**

**Pietari Inkinen**

hljómsveitarstjóri

**Nils Mönkemeyer**

einleikari

---

**EFNISSKRÁ**

Anna Clyne

**Masquerade** (2013)

William Walton

**Víólukonsert** (1928–29)

Andante comodo

Vivo, con molto preciso

Allegro moderato

**Hlé**

Béla Bartók

**Konsert fyrir hljómsveit** (1943)

Introduzione – Allegro vivace

Giuoco delle coppie: Allegro scherzando

Elegia: Andante non troppo

Intermezzo interrotto. Allegretto

Finale: Pesante – Presto

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



# PIETARI INKINEN

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**P**ietari Inkinen tók við stöðu aðalhljósveitarstjóri Þýsku útvarpsfílharmoníunnar í Saarbrücken í september 2017. Sömu stöðu gegnir hann hjá Japönsku fílharmoníuhljósveitinni sem og Sinfóníuhljósveitinni í Prag.

Árið 2019 var mikið ferðaár sem byrjaði á þriggja vikna reisu með Sinfóníuhljósveitinni í Prag um Japan í janúar. Í apríl fór hann síðan með Japönsku fílharmoníuna til Þýskalands, Austurríkis, Bretlands og Finnlands. Þar stjórnaði hann tónleikum í Helskinki og í heimaborg sinni Kouvola í tilefni af 100 ára vináttusambands Japans og Finnlands.

Tónlist Wagners hefur verið í brennidepli á ferli Inkinens og stjórnar hann nú í sumar nýrri uppsetningu á *Niflungabring* Wagners í Bayreuth. Haustið 2018 stóð hann í þriðja sinn á stjórnendapalli óperunnar í Melbourne og stjórnaði *Meistarasöngvurum* Wagners en 2013 og 2016 hafði hann stjórnað þar *Niflungabringnum* við góðan orðstír. Hlaut hann árið 2014 sérstaka viðurkenningu fyrir besta flutning á *Hringnum* í Ástralíu. Þá stjórnaði hann nýlega *Valkyrjunni* og *Rínargullinu* í Teatro Massimo í Palermo og uppskar meðal annars verðlaun ítalskra tónlistargagnrýnenda fyrir bestu sýningu á *Rínargullinu*. Síðar á þessu ári stjórnar Inkinen í fyrsta sinn uppfærslu á óperunni *Tristan og Isolde* í Opera Queensland með Simon O'Neill í titilhlutverki en þeir unnu saman að rómuðum Wagner-diski fyrir EMI-útgáfuna árið 2010. Tónleikauppfærslur á verkum Wagners hafa einnig verið snar þáttur í starfi Inkinens.

Helstu tónleikar Inkinens eftir heimsóknina til Íslands eru með Concertgebouw Orchestra, Gurzenich Orchestra, NDR Hamburg, SWR Stuttgart, BBC Philharmonic, Pittsburgh Symphony og Budapest Festival Orchestra. Hann hefur á undanförunum árum stjórnað mörgum nafntogudum hljósveitum á borð við Staatskapelle Berlin, Orchestre Philharmonique de Radio France, Los Angeles Philharmonic, BBC Symphony, City of Birmingham Symphony, Sveriges Radios Symfoniorkester, Oslo-Filharmonien sem og Staatskapelle Dresden og Gewandhausorchester í Leipzig.

Inkinen er fiðluleikari og nam hjá Zakhar Bron við tónlistarháskólann í Köln. Hann hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljósveitum Finnlands og stjórnað mörgum hljósveitum frá einleikarapallinum. Inkinen iðkar einnig kammertónlist og leikur víða með Inkinen-tríóinu.



---

# NILS MÖNKEMEYER

## EINLEIKARI

**P**ýski víóluleikarinn Nils Mönkemeyer lærði fyrst á fíðlu og stundaði nám við Listaháskólann í Bremen. Hann skipti yfir á víólu árið 1997 og nam við Tónlistarháskólann í Hannover þar sem Christian Pohl var aðalkennari hans. Aldamótaárið 2000 lá leiðin til München þar sem hann lærði hjá Harolf Schlichtig í Hochschule für Musik und Theater. Þaðan lauk hann diplómaprófi með láði þremur árum síðar. Frekara nám stundaði hann hjá Veroniku Hagen í Salzburg 2003–4 en námsferlinum lauk hann með einleikaraprófi í München árið 2006.

Mönkemeyer hefur undanfarin ár leikið inn á fjölmarga hljómdiska fyrir Sony Classical-útgáfuna sem hafa hlotið lof og mikilsmetnar viðurkenningar. Hefur hann grafið mörg verk úr gleysku en efnisval hans spannar allt frá upphaflegum 18. aldar verkum fyrir víólu til nútímatónlistar auk hans eigin útsetninga. Á nýjustu tveimur diskum hans eru annars vegar víólukonsertar en hins vegar kammertónlist. Konsertana leikur hann með Sinfóníuhljómsveitinni í Bamberg undir stjórn Markusar Poschner og hefur diskurinn að geyma hljóðritanir á konsertum eftir William Walton, Max Bruch og Arvo Pärt. Á hinn plötunni sem nefnist *Baroque* hljóma verk Bachs í bland við franska nútímatónlist.

Nils Mönkemeyer leikur með nafntoguðum hljómsveitarstjórum, þar á meðal Andrej Boreyko, Cornelius Meister og Simone Young og hljómsveitum á borð við Tonhalle Orchester Zürich, Helsinki filharmóníuna, Les Musiciens du Louvre, Rundfunkorchester Wien, Dresdner Philharmonie, NDR Radiophilharmonie, Weimar Staatskapelle, Bremer Philharmoniker, Düsseldorf Symphony Orchestra, Orchestre de Chambre de Lausanne og Berliner Barock Solisten.

Mönkemeyer hefur verið kennari við Tónlistar- og sviðslistaháskólann í München frá 2011. Þá hefur hann kennt við Carl Maria von Weber tónlistarháskólann í Dresden og Reina Sofia tónlistarháskólann í Madrid. Nils Mönkemeyer leikur á víólu sem Philippe Augustin smíðaði.



# ANNA CLYNE

## MASQUERADE

**B**reska tónskáldið Anna Clyne (f. 1980) hefur á síðustu árum vakið heimsathygli fyrir tónsmíðar sínar. Hún var staðartónskáld Chicago-sinfóníunnar frá 2010–2015 og gegndi sömu stöðu hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Baltimore 2015–2016, Þjóðarhljómsveitinni í Île-de France 2014–2016 og Berkeley-sinfóníunni 2017–2019. Næstu þrjú árin mun hún svo vinna með Skosku kammerhljómsveitinni. Fjölmargar hljómsveitir og stofnanir hafa falast eftir verkum frá henni, þar á meðal Los Angeles-fílharmonían, Skoska BBC-sinfónían, Seattle-sinfónían, Houston-ballettinn og Southbank Centre-menningarmiðstöðin í Lundúnum. Margir þekktir hljómsveitarstjórar hafa stjórnað tónverkum hennar, m.a. Marin Alsop, Riccardo Muti og Esa-Pekka Salonen.

Árið 2015 var Anna Clyne tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta sígilda samtímatónverkið sem heitir *Prince of Clouds* og er konsert fyrir tvær fiðlur og strengjasveit. Þá hefur hún bæði austan hafs og vestan unnið til fjölda viðurkenninga fyrir störf sín.

Á komandi hausti frumflytur Skoska kammerhljómsveitin *Sound and Fury* eftir Clyne í Edinborg en á árinu verða önnur tónverk hennar flutt á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um lönd.

*Masquerade* var pantað af breska ríkisútvarpinu og frumflutt á lokatónleikum Proms-tónlistarhátíðarinnar í Royal Albert Hall 7. september 2013. BBC-sinfóníuhljómsveitin lék en stjórnandi var bandaríski hljómsveitarstjórinn Marin Alsop. Anna Clyne tileinkaði verkið Proms-fastagestunum sem í daglegu máli eru kallaðir „Prommers“. *Masquerade* er í einum þætti og sækir tónskáldið innblástur í útihljómleika sem haldnir voru í skemmtigarði Lundúna á 18. öld. Um verkið segir hún í raddskránni:

„Líkt og í dag, safnaðist fólk af öllum stéttum þarna saman til að njóta alls kyns tónlistar. Önnur skemmtiatriði voru allt frá settlegum til vafasamra – loftfimleikar, framandi götu-skemmtikraftar, dansarar, flugeldasýningar og grímudansleikir. Ég heillast af hinu sögulega og félagslega tilhugalífi tónlistarinnar og dansins. Grímusamkomur – blanda af skrautlegum klæðum, grímubúningum og stórri umgjörð sköpuðu spennandi en samt yfirvegaða hátíðarstemningu.“

Í *Masquerade* vitnar Anna Clyne í enska drykkjusönginn *The Juice of the Barley* eða *Safinn úr bygginu*.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Tónlistarhópurinn Bang on a Can All-Stars flutti tónlist eftir Önnu Clyne á opnunartónleikum Listahátíðar í Reykjavík 17. maí 2013. Verk eftir hana hljómar aftur á móti nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



# WILLIAM WALTON

## VÍÓLUKONSERT

William Walton (1902–1983) fæddist í Oldham í Lancashire á norðvestur Englandi. Faðir hans var kórstjóri og móðirin söngkona og lærði drengurinn ungur á fiðlu og píanó og söng síðar í kór föður síns. Hann var sjálfmenntað tónskáld líkt og landi hans Edward Elgar en fékk þó góð ráð frá svissneska hljómsveitarstjóranum Ernest Ansermet og ítalska tónskáldinu og píanóleikaranum Ferruccio Busoni. Walton skrifaði fyrsta tónverk sitt um tvítugt en þau áttu eftir að verða ríflega eitt hundrað á langri ævi. Þar á meðal eru tvær óperur, fjórir ballettar, tónlist við fjórtán kvikmyndir og sjö leikhúsverk sem og tvær sinfóníur en alls urðu hljómsveitarverkin nokkuð á þriðja tug talsins. Þá samdi Walton verk fyrir málmblasturshljóðfæri, kammerverk, píanótónlist, söngverk sem flest voru fyrir rödd og hljóðfærahópa en síðast en ekki síst kórverk og er óratorían *Belshazzar's Feast* (Veisla Belsasars, 1931) í röð helstu verka hans.


Víóluksertinn samdi Walton 1928–29 fyrir landa sinn, víóluleikarann Lionel Tertis en hann hafnaði honum á þeirri forsendu að hann væri of nútímalegur. Verkið var síðan frumflutt í London 3. október 1929 undir stjórn höfundarins en einleikari var þýska tónskáldið og víóluleikarinn Paul Hindemith. Var konsertinum tekið af mikilli hrifningu en Tertis sá sig um hönd og bætti honum á verkalista sinn.

Víóluksert Waltons er um margt óvenjulegur. Hann er í þremur þáttum eins og títt er með einleikskonserta. Algengast er að jaðarkaflarnir séu hraðir en miðkaflinn hægur en kaflarnir í konserti Waltons eru í óvenjulegri röð. Sá fyrsti, *Andante comodo*, (frekar hægt og þægilega) er dreyminn með kröftugum millikafla og annar kaflinn stutt en glæsileg gletta. Þriðji kaflinn er að upplagi hressilegur en verkinu líkur á ægiföguru draumkenndu eftirspili sem byggir á aðalstefi fyrsta kaflans.

Víóluksertinn er upphaflega skrifaður fyrir stóra hljómsveit en Walton endurskodaði verkið árið 1961. Fækkaði hann tré- og málmblásurum en bætti hörpu í hljómsveitina og heyrum við þá útgáfu í kvöld.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Víóluksert Williams Walton hljómaði síðast á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í nóvember 2009. Einleikshlutverkið var í höndum Ásdísar Valdimarsdóttur og hljómsveitarstjóri var Rumon Gamba. Fyrir réttum 40 árum, 21. janúar 1980, lék Ingvar Jónasson konsertinn undir stjórn Görans W. Nilson. Þeir tónleikar hófust með frumflutningi á verki Fjölnis Stefánssonar, Kóplon, en eftir hlé flutti hljómsveitin aðra sinfóníu Tsjaikovskíjs.



# BÉLA BARTÓK

## KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT

**B**éla Bartók (1881–1945) yfirgaf föðurland sitt í síðasta sinn eftir dauða móður sinnar árið 1940. Ferðinni var heitið til New York þar sem hann og ung eiginkona hans Ditta Pástory-Bartók komu til hafnar í lok október. Þjó Bartók þar þau fimm ár sem hann átti eftir ólífuð. Hjónunum gekk illa að fóta sig í stórborginni - heimamenn voru áhugalausir um nýstárlega tónlist hans, tónleikahald þeirra vakti forvitni í upphafi en var skammgóður vermir. Bartók var þó ekki vinalaus í nýja heimalandinu og fékk hann starf við Columbia-háskólann fyrir tilstilli Carls Engel hjá Schirmer-forlaginu. Gátu hjónin um tíma framfleytt sér á háskólalaununum.

Bartók hafði aldrei verið heilsuhraustur og fór ástandið smátt og smátt versnandi. Þegar tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston, Rússinn Sergei Koussevitsky, pantaði konsertinn, var Bartók bláfátækur, niðurdreginn og þjáður af háum hita sem orsakaðist af hvítblæði sem síðan loks greindist vorið 1943. Koussevitzky bauð Bartók þúsund dollara fyrirfram fyrir að semja nýtt hljómsveitarverk í minningu eiginkonu sinnar sem þá var nýlátin. Bartók hressstist allur og kom sér fyrir á heilsuhæli við Saranac-vatn í norðanverðu New York-ríki haustið 1943. Þar samdi hann *Konsert fyrir hljómsveit* á aðeins 54 dögum.

Um verkið sagði tónskáldið: „Titill þessa sinfóníska hljómsveitarverks skýrist í tilhneigingunni til að meðhöndla hvert hljóðfæri hljómsveitarinnar á sólistískan máta. Glæsileikinn birtist til að mynda í fúgubrotunum í framvindu fyrsta kafla (málmblásturhljóðfæri) eða í síendurteknu aðalstefi síðasta kaflans (strengir) og sérstaklega í öðrum kaflanum þar sem þó hljóðfæra spila glæsilegar strófur hver á fætur öðru.“

Í þessu fimm þátta verki fer tónskáldið út um víðan völl og í því birtast miklar andstæður: þjóðlög, fuglasöngur, sálmar og sirkustónlist. Í fjórða þætti (Intermezzo interrotto/Truflaða millispilið) gerir Bartók gys að *Leningrad*-sinfóníu Shostakovitsj sem hann hafði litlar mætur á. Reyndar er staðurinn sem Bartók notar úr sinfóníunni tilvitnun Shostakovitsj í óperettu Lehárs, *Kátu ekkjuna*. Lokaþátturinn er svo glæsileg virtúósmið með hornablæstri og sígaunastefjum.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Konsert fyrir hljómsveit eftir Béla Bartók heyrir nú í ellefta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og í annað sinn í Hörpu.

Páll Pampichler Pálsson reið á vaðið þegar hann stjórnaði verkinu síðla árs 1972 í

Háskólabíói en Páll var fyrsti aðstoðarhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar (1971-94). Tveir fyrrum aðalhljómsveitarstjórar sveitarinnar stýrðu flutningi

hennar á konsertinum, Petri Sakari í tvígang 1991, Osmo Vänskä 1996 og Petri Sakari aftur aldamótaárið 2000.

*Sigurður Ingvi Snorrason*



## Á DÖFINNI

**FIN** 30 JAN 19:30



### HJAKK Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

Árið 2020 verða 40 ár liðin frá því að tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar var haldin í fyrsta sinn. Þá lék Sinfóníuhljómsveit Íslands á upphafstónleikum hátíðarinnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og hafa tónleikar Sinfóníunnar verið meðal stórviðburða hátíðarinnar allar götur síðan. Á þessum hátíðartónleikum hljómar *Hjakk* eftir Atla Heimi Sveinsson, *Konsert fyrir hljómsveit* saminn af Snorra Sigfúsi Birgissyni, harmóníkukonsert Huga Guðmundssonar, *Ós* eftir Báru Gísladóttur og *Sinfonia* samin af Missy Mazzoli. Einleikari er Andreas Borregaard og um tónsprotann heldur Daniel Bjarnason.

**FEB** 21 FEB 19:30



### MAHLER OG DEBUSSY

Glæsileg tónlist tengd hafinu og vorinu hljómar á þessum tónleikum undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Hannu Lintu. Hin franska Lili Boulanger lést aðeins 24 ára gömul árið 1918 en hafði þá þegar samið glæsileg tónverk, meðal annars hina ljúfu vorstemningu sem hljómar í upphafi tónleikanna. *Des Knaben Wunderhorn*, eða *Drengsins nægtahorn*, er heiti á safni þýskra þjóðkvæða sem Gustav Mahler sótti innblástur í þegar hann samdi samnefndan söngvabálk. Hafid er í forgrunni á síðari hluta tónleikanna og þar heyrast *Sjávarmyndir* Britzens og *La mer* eftir Debussy. Einsöngvari á tónleikunum er bandaríska mezzósópransöngkonan Michelle DeYoung.

**FIN** 05 MAR 19:30



### MAHLER OG SIBELIUS

70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR


Í mars 2020 verða 70 ár liðin frá því að Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika. Af því tilefni verður efnt til hátíðartónleika þar sem fiðlukonsert Sibeliusar og fyrsta sinfónía Mahlers hljóma ásamt sjaldheyrðu verki eftir Pál Ísólffsson sem var einn helsti hvatamaður að stofnun Sinfóníuhljómsveitarinnar. *Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar* er sérlega áheyrileg og skemmtileg leikhústónlist, samin við leikgerð Halldórs Laxness. Einleikari er Augustin Hadelich og hljómsveitarstjóri Eva Ollikainen.

## Á DÖFINNI

### FÖSTUDAGSRÖÐ Í NORÐURLJÓSUM

Föstudagsröðin hóf göngu sína síðastliðinn föstudag í Norðurljósum. Á tónleikum raðarinnar er teft saman spennandi hljómsveitar- og kammertónlist þar sem tónleikagestir eru í sannkölluðu návígi við flytjendur. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir án hlés og eru fullkominn upptaktur að skemmtilegri helgi.

FÖS 20 MAR 18:00



#### Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands UPPLJÓMUÐ NÓTT

Strengjasveit hljómsveitarinnar er í sviðsljósinu á þessum tónleikum þar sem hljóma tvö meistaraverk frá fyrri hluta 20. aldar. Arnold Schönberg samdi meistaraverkið *Verklärte Nacht* á aðeins þremur vikum og byggði á samnefndu ljóði þar sem segir frá ungum elskendum á skógargöngu að kvöldlagi. Á tónleikunum hljómar einnig tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu eftir Béla Bartók sem er lykilverk á ferli hans, samið árið 1936. Það hefur verið kallað „ein fullkomnasta tónsmíð sem Bartók samdi“ og sagt að það spanni allar þær mótsagnir sem gera list hans svo hrífandi. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason.

FÖS 08 MAI 18:00



#### Sinfónía og strengjakvartett SÓLSKINSSINFÓNÍAN

Á þriðju tónleikum raðarinnar leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands símfóníu nr. 2 eftir Johannes Brahms. Símfónían er ljúfasta og áheyrilegasta verk hans og nýtur verðskuldaðra vinsælda. Einn vinur tónskáldsins lýsti verkinu svo: „Ekkert nema heiðblár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“ Þá hljómar einnig bráðsnjall kvartett fyrir fjórar fiðlur eftir hina pólsku Grazyna Bacewicz í flutningi fiðluleikara úr hljómsveitinni. Stjórnandi er Rafael Payare, sem ólst upp í El Sistema-hljómsveitakerfinu en er nú aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í San Diego.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

23. JANÚAR 2020

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Pálína Árnadóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Andrzej Kleina  
Pascal La Rosa  
Justyna Bidler  
Bryndís Pálsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Hrunð Guðmundsdóttir  
Martin Frewer

## 2. FIÐLA

Benedikte Damgaard  
Peter Andreas Nielsen  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Roland Hartwell  
Ingrid Karlsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Þórdís Stross  
Hlín Erlendsdóttir  
Christian Diethard

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Łucja Koczoł  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Kathryn Harrison  
Móeiður Anna Sigurðardóttir

## SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson

## BASSI

Xun Yang  
Richard Korn  
Hávarður Tryggvason  
Þórir Jóhannsson  
Jacek Karwan  
Páll Hannesson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Hyeri Yoon  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## KLARÍNETT

Grímur Helgason  
Helga Björg Arnardóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfsdóttir  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Frank Hammarin  
Joseph Ognibene

## TROMPET

Stefano Flaibani  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Mark Tetreault

## HARPA

Katie Buckley  
Elisabet Waage

## PÁKUR

Soraya Nayyar

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*  
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Svanhvit Hrólfisdóttir *fjármálastjóri*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Júlía Aradóttir *fulltrúi*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

SKÓLAKORTIÐ


# SNILLD FYRIR ÞIG

Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.800 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar.

Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á [sinfonia.is/skolakort](http://sinfonia.is/skolakort)

Miðasala í Hörpu  
[sinfonia.is](http://sinfonia.is)  
[harpa.is](http://harpa.is)  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**